

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf. Ólafsfirði



Dags eftirlits	25.3.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Hið Norðlenzka Styrjufjelag ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Pálsbergsgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5910210790	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eypór Eyjólfsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þorbjörn Sigurðsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti var ekki skilað fyrir 1. maí 2024. 2) Árið 2023 voru sýni aðeins einu sinni tekin úr frárennsli stöðvarinnar, en taka á sýni tvisvar á ári. 3) Engin sýni voru tekin úr frárennsli stöðvarinnar árið 2024. 4) Efni voru, þegar eftirlitið fór fram, ekki geymd í fullnægjandi lekavörn. Ein ábending var sett fram þess efnis að ílát sem efni eru geymd í skulu vera rétt merkt. Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram, þess efnis að við alla efnaðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var, þann 21. mars 2025, farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Hins Norðlenzka Styrjufelags á Ólafsfirði. Fulltrúi rekstraraðila í vettvangsheimsókninni var Þorbjörn Sigurðsson. Rafrænn fundur þar sem Eypór Eyjólfsson var fulltrúi rekstraraðila, var haldinn 25. mars 2025.

Fiskeldisstöð Hins Norðlenzka Styrjufelags á Ólafsfirði er með starfsleyfi sem gildir til 31. mars 2038. Hámark lífmassa á hverjum tíma má skv. starfsleyfinu vera 20 tonn vegna matfiskeldis en ef stöðin er notuð til seiðældis má hámarkslífmassi ekki fara yfir 1 tonn eða 10.000 seiði á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö frávík komu fram í síðasta eftirliti árið 2023. Öðru þeirra var lokað í eftirlitsskýrslu dags. 8.12.2023 en hitt frávíkið sem varðar að öryggisblöð voru ekki til staðar, var opið þegar eftirlit ársins 2025 fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirliti árið 2023, um að setja þyrfti lekabyttu undir lýsisgeyma. Ekkert lýsi er geymt í stöðinni nú svo ábendingunni er ekki fylgt eftir.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Rekstraraðili skal skv. starfsleyfi skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var ekki skilað fyrir 1. maí árið 2024 og er það frávík frá starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað þann 28. mars 2025 og er frávíkinu því lokað. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað 28. mars 2025 og eru ekki gerðar athugasemdir við þau skil.

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við útrás frárennslis í fráveitukerfi a.m.k. tvisvar á ári. Sýni voru aðeins tekin einu sinni árið 2023 og er það frávík frá starfsleyfi. Engin sýni voru tekin árið 2024 og er það einnig frávík frá starfsleyfi. Útreikningar á fosfórlosun sýna að fosfórlosun árin 2023 og 2024 var innan heimilaðra marka skv. starfsleyfi.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Litlar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olfuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Þar sem engin olfuskilja er í húsnæði rekstraraðila er lítið svo á að leiðbeiningarnar séu til kynningar.

5. Önnur mál

Rætt var um borholu sem rekstraraðili lét bora árið 2023. Holan gaf um 20°C heitt vatn í nokkra daga en tæmdist þá og hefur ekki verið í notkun. Ekki hefur verið sótt um nýtingarleyfi. Farið var yfir þær áætlanir sem eiga að vera til staðar og rekstraraðila bent á að uppfæra netfang og símanúmer eftirlitsaðila sem er nú Umhverfis- og orkustofnun.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Í stöðinni eru fjórar tegundir af fullorðnum fiski og þrjár tegundir seiða. Efni voru, þegar eftirlitið fór fram, ekki geymd í fullnægjandi lekavörn og er það frávik frá starfsleyfi. Í kjölfar eftirlitsins fékk eftirlitsaðili sendar myndir sem sýna að öll efni eru nú geymd í lekavörn og er frávikinu því lokað. Frávik kom fram í síðasta eftirliti, árið 2023 um að öryggisblöð væru ekki til staðar. Öryggisblöð voru ekki heldur til staðar þegar eftirlitið sem þessi skýrsla fjallar um, fór fram en í kjölfar þess bárust eftirlitsaðila myndir sem sýna að öryggisblöðum hefur verið komið fyrir á viðeigandi stöðum og er frávikinu því lokað. Í húsnæðinu er saltpækill geymdur í ílátum sem áður innihéldu saltsýru og eru varúðarmerkingar enn á þeim. Rekstraraðila er bent á að varúðarmerkingar skulu vera í samræmi við innihald ílátanna.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Mæla skal magn næringarefna í frárennslisvatni a.m.k. tvisvar á ári. Árið 2023 voru sýni voru aðeins einu sinni tekin úr frárennslis stöðvarinnar.
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Mæla skal magn næringarefna í frárennslisvatni a.m.k. tvisvar á ári. Árið 2024 voru engin sýni tekin úr frárennslis stöðvarinnar.
Gr. 3.10 í starfsleyfi	Við geymslu efna skal takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Þegar eftirlitið fór fram voru efni ekki geymd í fullnægjandi lekavörn.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að réttar varúðarmerkingar skulu vera á öllum ílátum sem efni eða efnablöndur eru geymd í.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.06.2025


Freyr Evarsson